

SKILMÁLAR ÍL-SJÓÐS Í TENGLUM VIÐ KAUP Á IBN 38 0101 GEGN SÖLU Á RIKS 34 1016

Útboð 30. september 2025

1. Samkvæmt beiðni frá ÍL-sjóði hefur deild Lánamála ríkisins hjá Seðlabanka Íslands (hér eftir „umsjónaraðilinn“) ákveðið að taka að sér umsjón með skiptiútboði þar sem ÍL-sjóður kaupir skuldabréf útgefin af sjóðnum og greiðir fyrir með ríkisbréfum. ÍL-sjóður býðst þannig til að kaupa IBN 38 0101 (IS0000001162) gegn afhendingu á RIKS 34 1016 (IS0000037737).
 2. Aðalmiðlurum ríkisverðbréfa sem gert hafa þátttökusamning við ÍL-sjóð (hér eftir „þátttakendum“) er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin og senda tilboð til umsjónaraðilans í gegnum viðskipta- og útboðskerfi Bloomberg.
 3. Útboðið verður haldið milli kl. 10:30 og 11:00 þriðjudaginn 30. september 2025. Niðurstaða útboðs verður tilkynnt með opinberum hætti kl. 12:00 á útboðsdegi. Uppgjörsgdagur er þriðjudagurinn 7. október 2025.
 4. Kauptilboð skulu send inn sem nafnverðsfjárhæð í flokkinn RIKS 34 1016. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast þátttakendum á sama fasta verðinu.
 - Hreint verð á IBN 38 0101 er 42,7676 (óhreint verð er 164,970973 með áföllnum vöxtum og verðbótum). Til skýringar jafngildir hreina verðið 3,45% ávöxtunarkröfu.
 - Hreint verð á RIKS 34 1016 er 104,1411 (óhreint verð er 111,744058 með áföllnum vöxtum og verðbótum). Til skýringar jafngildir hreina verðið 2,97% ávöxtunarkröfu.
- Til skýringar er skiptastuðull í útboðinu 0,6773558764.
- Dæmi: Þátttakandi fær 1.000 m.kr. að nafnverði í RIKS 34 1016 fyrir 677.355.876 nafnverðseiningar í IBN 38 0101.*
5. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlupi á heilum milljónum króna. ÍL-sjóður áskilur sér þann rétt að samþykkja að hluta eða hafna öllum tilboðum.
 6. Ef tilboð berst ekki til umsjónaraðilans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir umsjónaraðilinn sig allri ábyrgð. Umsjónaraðilinn hefur heimild til að fella niður útboðið í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við umsjónaraðilann í síma 569 9994. Tilboð sem berast til umsjónaraðilans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta fjárhæð tilboða, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist umsjónaraðilanum fyrir kl. 11:00 á útboðsdegi.
 7. Skilmálar þessir gilda milli ÍL-sjóðs, umsjónaraðilans og þátttakandans í tengslum við útboðið. ÍL-sjóður og umsjónaraðilinn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum þátttakenda gagnvart viðskiptamönnum sínum.
 8. Ef misræmi er á útboðsskilmálunum á ensku og íslensku þá gilda þeir íslensku.